

Alþingi
Erindi nr. P 128/811
komudagur 21.1.2003



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Alþingi,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík 21. janúar 2003.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vinnutíma sjómanna, 390. mál, EES-reglur, 128. lögjafarþing 2002-2003.

Við þökkum fyrir bréf dags. 11. desember 2002 þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um vinnutíma sjómanna, 390 mál.

Í upphafi athugasemda við frumvarpið kemur fram að með því sé lagt til að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á sjómannaálagum, nr. 35/1985, og lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001 vegna innleiðinga tiltekinna EES-gerða sem varða vinnutíma sjómanna. Þá kemur fram að gengið hafi verið út frá því að innleiðing gerðanna skapi ekki vandamál fyrir íslenskan sjávarútveg og að ákvæði gildandi kjarasamninga milli útgerðar og stéttarféлага rúmist innan ákvæða þeirra hvort sem litið er til hámarksvinnutíma eða lágmarkshvildartíma. Ljóst sé þó að nýta þarf fráviksheimild 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins við tilteknar veiðar.

Hér er um að ræða afar mikilvægt mál fyrir íslenskan sjávarútveg og hafa bæði samtök útvegsmanna og sjómanna komið að undirbúningi þess. Bæði útvegsmenn og sjómenn eru sammála því sem kemur fram í athugasemdum við frumvarpið um að ákvæði gildandi kjarasamninga rúmist innan ákvæða frumvarpsins. Það er algjört grundvallaratriði og forsenda þess að við gerum ekki aðrar athugasemdir við það en þær sem að neðan greinir. Við leggjum áherslu á að sett verði reglugerð hið fyrsta á grundvelli 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins þar sem núverandi framkvæmd verði staðfest.

Gerð er athugasemd við orðalag í lok 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. Á báðum stöðum segir "... og ekki skal líða meira en 14 klukkustundir til næstu samfelldrar hvíldar." Er lagt til að orðið "samfelldrar" verði fellt niður. Er það í samræmi við texta tilskipananna þar sem segir "... the intervall between consecutive periods of rest shall not exceed 14 hours." Hætt er við að óbreytt orðalag geti valdið misskilningi.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri